

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/03/06

frá 27. júlí 1999

um að ákveða fyrirmynd að vottorðinu sem um getur í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE(*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 2425)

(1999/567/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB⁽²⁾, einkum 2. mgr. 16. gr,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fiskeldisdýr, sem eru næm fyrir smitandi blóðmyndandi frumudauða (IHN) og veirublóðeitrun (VHS) og seld eru innan bandalagsins milli svæða sem ekki eru viðurkennd, geta borið með sér sjúkdóma þegar þau koma frá eldisstöð þar sem sjúkdómur hefur komið upp.
- 2) Til að varast að sjúkdómar berist með þessum hætti verður að sjá til þess að slíkum fiskeldisdýrum fylgi vottorð sem sýnir að þau komi frá eldisstöð sem ekki er sýkt af smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun.
- 3) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 93/53/EBE frá 24. júní 1993 um lágmarksráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum ⁽³⁾, eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, er heimilt að flytja lifandi fisk, hrogn og svil frá sýktum eldisstöðvum til annarra eldisstöðva sem eru sýktar af sama sjúkdómi.
- 4) Til að koma í veg fyrir að sjúkdómar, sem berast með slíkum fiski, breiðist út er nauðsynlegt að kveða á um sérstakt vottorð.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Sendingum af lifandi eldisfiski, hrognum þeirra eða svilum, sem seld eru innan bandalagsins milli svæða sem ekki eru viðurkennd að því er varðar sjúkdómana sem um getur í skrá II í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE, verður að fylgja vottorð í samræmi við það sem sett er fram í I. viðauka.

2. gr.

Sendingum af lifandi eldisfiski, hrognum þeirra og svilum, sem seld eru innan bandalagsins frá eldisstöð sýktri af sjúkdómi sem um getur í skrá II í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE til annarrar eldisstöðvar sem er sýkt af sama sjúkdómi, verður að fylgja vottorð í samræmi við það sem sett er fram í II. viðauka.

3. gr.

Vottorðin, sem um getur í 1. og 2. gr., verða:

- að vera á að minnsta kosti einu af tungumálum viðtökuaðildarríkisins,
- að fylgja fiskinum, hrognunum eða svilunum í frumriti,
- að vera á einni pappírsörk,
- að vera gefið út á einn viðtakanda.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júlí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 216, 14.8.1999, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 175, 19.7.1993, bls. 23.

I. VIÐAUKI

FYRIRMYND

DÝRAHEILBRIGÐISVOTTORÐ

fyrir lifandi eldisfisk, sem er næmur fyrir smitandi blöðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun, hrogn hans og svil sem seld eru innan bandalagsins milli svæða sem ekki eru viðurkennd

Kenninúmer ⁽¹⁾

I. Uppruni sendingar

Upprunaríki:

Upprunaleg eldisstöð:

Heiti:

Heimilisfang:

II. Lýsing á sendingunni

	Lifandi dýr	Hrogn	Svil
Tegund:			
Almennt heiti			
Vísindaheiti			
Magn:			
Fjöldi			
Heildarþyngd			
Meðalþyngd			

III. Viðtökustaður sendingar

Viðtökuríki:

Viðtakandi:

Heiti:

Heimilisfang:

Viðtökustaður:

IV. Flutningatæki

Tegund:

Auðkenni:

⁽¹⁾ Gefið út af opinberri þjónustustofnun.

V. Heilbrigðisvottun

Ég, undirritaður, votta hér með að dýrin í þessari sendingu:

- sýndu engin klínísk sjúkdómseinkenni fermingardaginn,
- eru ekki ætluð til förgunar eða slátrunar samkvæmt áætlun um að ráða niðurlögum sjúkdóma sem eru taldir upp í viðauka A við tilskipun ráðsins 91/67/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða,
- eru ekki frá eldisstöð sem er í banni af ástæðum sem varða dýraheilbrigði, sér í lagi ekki frá eldisstöð sem er sýkt af smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun, og hafa ekki verið í snertingu við dýr úr slíkri eldisstöð

eða að hrognin/svilin í þessari sendingu eru úr dýrum sem fullnægja þessum kröfum.

Gjört í, hinn

Heiti opinberrar þjónustustofnunar:

Nafn og staða þess sem undirritar (nafn með hástöfum):

Undirskrift ⁽¹⁾:



⁽¹⁾ Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en aðrar upplýsingar á vottorðinu.

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND

DÝRAHEILBRIGÐISVOTTORÐ

fyrir flutning innan bandalagsins á lifandi eldisfiski, hrognum og svilum frá eldisstöðvum sem eru sýktar af smitandi blöðmyndandi frumudauða og veirublöðeitrun til annarrar sýktrar eldisstöðvar

Kenninúmer ⁽¹⁾

I. Uppruni sendingar

Upprunaríki:

Upprunaleg eldisstöð:

Heiti:

Heimilisfang:

II. Lýsing á sendingunni

	Lifandi dýr	Hrogn	Svil
Tegund:			
Almennt heiti			
Vísindaheiti			
Magn:			
Fjöldi			
Heildarþyngd			
Meðalþyngd			

III. Viðtökustaður sendingar

Viðtökuríki:

Viðtakandi:

Heiti:

Heimilisfang:

Viðtökustaður:

IV. Flutningatæki

Tegund:

Auðkenni:

⁽¹⁾ Gefið út af opinberri þjónustustofnun.

V. Heilbrigðisvottun

Ég, undirritaður, votta hér með að

1. fiskurinn í þessari sendingu ⁽¹⁾

a) kemur frá eldisstöð sem er sýkt af smitandi blóðmyndandi frumudauða og/eða veirublóðeitrun og á að fara í aðra eldisstöð sem er sýkt af sama eða sömu sjúkdómum;

b) sýni engin klínísk sjúkdómseinkenni fermingardaginn;

c) er fluttur í farartæki sem að fermingu lokinni var innsiglað með eftirfarandi auðkenni:

og að flutningafyrirtækið hefur gert ráðstafanir til að tryggja að fiskurinn sé fluttur við bestu lífvænleg skilyrði án þess að skipt sé um vatnið sem hann er fluttur í.

2. Eggín/svilið í þessari sendingu koma frá eldisstöð sem er sýkt af smitandi blóðmyndandi frumudauða og/eða veirublóðeitrun og eiga að fara í aðra eldisstöð sem er sýkt af sama sjúkdómi ⁽¹⁾.

Gjört í, hinn

Heiti opinberrar þjónustustofnunar:

Nafn og staða þess sem undirritar (nafn með hástöfum):

Undirskrift ⁽²⁾:



⁽¹⁾ Strikið út það sem á ekki við.

⁽²⁾ Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en aðrar upplýsingar á vottorðinu.